

## **Sveitarstjórn Djúpavogshrepps: Fundargerð 30. 04. 2008**

Fundur var haldinn í sveitarstjórn Djúpavogshrepps miðvikud. 30. apríl 2008 kl. 10:00. Fundarstaður: Geysir.

Mættir voru: Tryggvi Gunnlaugsson, Guðmundur Valur Gunnarsson, Andrés Skúlason, Albert Jensson og Brynjólfur Einarsson. Einnig sat fundinn Bj. Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri. Andrés stjórnaði fundi.

### **Dagskrá:**

#### **1. Fjárhagsleg málefni, stofnanir o.fl.:**

Kynnt staða mála við uppgjör 2007. Ákv. var að hafa fyrri umræðu um ársreikning Djúpavogshrepps 15. maí 2008.

#### **2. Fundargerðir:**

- a) F&M . 28. apríl 2008. Fundarg. lögð fram til kynningar, sbr. þó lið 4 hér að neðan.
- b) HNN (húsnæðisnefnd) 18. apríl 2008. Nefndin mælir með sveitarfélagið eigi áfram a.m.k. 4 félagslegar íbúðir af þeim 6, sem nú eru í eigu þess; Borgarland 40, Borgarland 38, Borgarland 20 a) Borgarland 20 b). Komi til sölu á félagslegum íbúðum er mælt með að selja fyrst Borgarland 42 og Steina 6. Álit nefndarinnar staðfest og sveitarstjóra falið að auglýsa íbúðirnar með eðlilegum fyrirvörum v/ núverandi ráðstöfunar þeirra. Fundarg. að öðru leyti lögð fram til kynningar.
- c) SKN 29. apríl. Fundarg. lögð fram til kynningar.

#### **3. Erindi og bréf:**

- a) Kynnt ályktun SSA 21. apríl 2008 varðandi opinber störf á landsbyggðinni.
- b) Tilkypping um aðalfund SSA á Djúpavogi 26. og 27. sept. 2008.

#### **4. Umsóknir um starf ferða- og menningarfulltrúa til eins árs til reynslu.**

Áður en gengið var til þessa liðar var staðfest og undirritað erindisbréf og starfslýsing v/ starfsins, en til hennar var m.a. vitnað í auglýsingu.

Umsækjendur um starfið voru:

Björn S. Lárusson, Bryndís Reynisdóttir, Dagbjört Agnarsdóttir, Erna Evudóttir, Gísli Þór Gunnarsson, Hermann Einarsson, Mark Sherwood, Pálína Ósk Hraundal.

F & M fjallaði um málið á fundi sínum 28. apríl. Á grundvelli álits nefndarinnar var samþ. samhljóða að ganga til samninga við Bryndísi Reynisdóttur um starfið og sveitarstjóra veitt heimild til að ganga frá ráðningarsamningi í samráði við form. F & M og oddvita.

#### **5. Reglur um refaveiðar frá maí 2008:**

Sveitarstjóri kynnti reglur, unnar af vinnuhóp frá LBN og sveitarstjórn, en hann skipuðu; Sigurjón Stefánsson, Guðmundur Valur Gunnarsson frá LBN og Albert Jensson frá sveitarstjórn. Ritari hópsins var sveitarstjóri. Gerð er tillaga um 4 veiðisvæði og verðlaun Fyrirliggjandi reglur staðfestar og undirritaðar og sveitarstjóra veitt heimild til að ganga frá samningum við veiðimenn í samráði við form. LBN og oddvita.

#### **6. Skipulags- og byggingamál:**

- a) Staðfest erindi frá SBU dags. 28. apríl 2008 varðandi vegstæði að lóð fyrir íbúðarhús í svonefndum Hlauphólum við Hamarsfjörð. Veglínan er unnin í samræmi við stefnumörkun í aðalskipulagsvinnu fyrir Djúpavogshrepp, sem nú stendur yfir.
- b) Teikningar frá Gauta Jóhannessyni og Berglind Einarisdóttur vegna framangreinds íbúðarhúss lagðar fram. SBU mælir með útgáfu byggingarleyfis. Það staðfest.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 11:00.

Fundargerðin, sem færð var í tölvu, lesin upp, staðfest, prentuð út og síðan undirrituð.

Bj. Hafþór Guðmundsson, fundarritari.